

Ed.

91. Frumvarp

til laga um gagnfræðaskóla.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason, Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Reykjavík, Ísafirði og Akureyri skulu vera gagnfræðaskólar. Heimilt er ennfremur fyrir landsstjórnina að láta efna til gagnfræðaskóla á Siglufirði og Norðfirði, þegar kaupstaðir þessir óska þess og uppfylla skilyrði þessara laga.

2. gr.

Markmið gagnfræðaskólanna er að veita ungmennum, sem lokið hafa fullnadarprófi barnafræðslunnar, kost á að afla sér frekari hagnýtrar fræðslu, bóklegrar og verklegrar, gera þá nýtari þegna þjóðfélagsins og bæfa til að stunda nám í ýmsum sérskólum.

3. gr.

Stofnkostnaður gagnfræðaskólanna greiðist að þrem fimmstu hlutum af hlutadeigandi bæjarfélagi, en að tveim fimmstu hlutum úr ríkissjóði, enda samþykki kennslumálastjórnin skólastað, uppdrætti og lýsingu af skólahúsinu. Bæjarfélög þau, sem nefnd ern í 1. gr., skulu leggja til hæfilega skólalóð og leikvöll endurgjaldslaust, en kennslumálastjórnin teikningu, ef þess er óskað.

4. gr.

Gagnfræðaskólar skulu vera samskólar fyrir pílta og stúlkur. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær. Auk þess má gagnfræðaskóli, með leyfi kennslumálastjórnar, hafa framhaldsnám hinn þriðja vetur í hagnýtum fræðum, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Kennsla í hverri ársdeild má ekki standa skemur en sex mánuði (sbr. þó 17. gr.), og ekki lengur en sjö og hálfan mánuð.

5. gr.

Inntökuskilyrði í 1. bekk gagnfræðaskólanna eru þessi: 1. Að hafa lokið fullnadarprófi barnafræðslunnar. 2. Að vera ekki haldinn af næmum sjúkdómi. 3. Að vera 14 ára að aldri. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá síðast talda skilyrðinu, ef honum virðist ástæða til, enda sé umsækjandi fullra 13 ára. Ef fleiri sækja um inntöku í einhvern bekk gagnfræðaskóla en húsrúm leyfir, ræður prófeinkunn skólavist, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

6. gr.

Kennslan skal miða að því að glæða námfýsi nemenda og koma þeim til að starfa á eigin hönd, og skal um námsefni jafnan höfð hliðsjón af því, hvað ætla má að komi nemendum að gagni í lífinu. Sérstakt tillit skal taka til atvinnubátta landsins og skólahéraðsins, einkum að loknu fyrsta árs námi.

Þessar námsgreinar skal kenna í gagnfræðaskólum: Íslenzku og íslenzkar hókmenntir, dönsku eða sænsku, ensku, landafræði, náttúrufræði, almennan reikning, ásamt undirstöðu í fiatarmáli og rúmmálsfræði. Þau atriði félags- og lögfræði, sem mest koma við daglegu lífi. Ennfremur dráttlist, söng, íþróttir og hagnýt vinnubrögð.

Heimilt er skólastjórum að veita nemendum undanþágu frá einstökum námsgreinum, einkum erlendum tungumálum, enda leggi þeir þá því meiri stund á önnur námsefni skólans, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

7. gr.

Eftir nám í fyrsta bekk skal ljúka ársprófi; eftir nám í öðrum bekk

gagnfræðaprófi. Eftir nám í framhaldsbekk prófi því, sem reglugerð ákveður. Skólastjóri ræður skyndiprófum. Þau skulu vera skrifleg og fyrirvaralaus.

8. gr.

Kennarar gagnfræðaskólanna prófa hver í sinni kennslugrein og eru prófdómendur hver hjá öðrum við árspróf. Kennslumálaráðuneytið skipar prófdómendur við hurtfararpróf, og velja þeir verkefnið við prófin.

9. gr.

Fimm manna skólanefnd hefir yfirumsjón hvers gagnfræðaskóla. Kís bæjarstjórn með hlutfallskosningu fjóra menn til þriggja ára, en kennslumálaráðuneytið skipar hinn fimmta, sem jafnframt er formaður, til jafnlangs tíma. Þó getur kennslumálaráðuneytið falið skólanefnd barnaskólanna umsjón gagnfræðaskóla, þegar bæjarstjórn óskar þess.

10. gr.

Hver skólanefnd semur reglugerð fyrir sinn skóla um kennslu, próf og annað, er lýtur að starfi skólans, en kennslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd skal vera í ráðum með skólastjóra um bóka- og áhaldakaup, annast fjárstjórn skólans og gera til kennslumálastjórnarinnar tillögur um skipun skólastjóra og ráðningu kennara.

11. gr.

Skólastjórar við gagnfræðaskólana skulu skipaðir af kennslumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefndar, og fastir kennarar ráðnir í samráði við skólastjóra og skólanefnd. Heimilt er skólanefnd að segja kennara upp starfi með eins árs fyrirvara. Auk skólastjóra er heimilt að ráða einn fastan kennara fyrir fyrstu 30 nemendurna og úr því einn kennara fyrir hverja 30 nemendur eftir meðaltali síðustu 3 ára. Í nýjum gagnfræðaskóla skal tala fastráðinna kennara ákveðin þrjú fyrstu árin af skólanefnd í samráði við kennslumálastjórnina.

Kennarar, sem ráðnir eru með föstum samningi, skulu kenna 27 stundir á viku, en skólanefnd ákveður kennsluskyldu skólastjóra, með samþykki kennslumálastjórnarinnar.

Skólastjóri setur stundakennara fyrir hvert skólaár, með samþykki skólanefndar.

12. gr.

Úr rikissjóði skal greiða 100 kr. í skólasjóð fyrir hvern reglulegan nemanda í gagnfræðaskóla yfir skólaárið, gegn 150 kr. lágmarksframlagi úr hlutaðeigandi bæjarsjóði fyrir hvern reglulegan nemanda.

13. gr.

Innanbæjarnemendur skulu ganga fyrir öðrum um skólavist og að jafnaði njóta ókeypis kennslu. Þó má skólanefnd, þegar sérstök ástæða þykir til, með samþykki kennslumálastjórnarinnar ákveða skólagjöld, sem nemir 20

kr. um skólaárið fyrir stúlku, en 40 kr. fyrir pilt. Aldrei má þó leggja skólagjald á meira en helming innanbæjarnemenda. Utanbæjarstúlkur greiði 40 kr. í skólagjald, en utanbæjarpiltar 80 kr. yfir skólaárið.

14. gr.

Nú eru haldin námsskeið við gagnfræðaskóla í bóklegum eða verklegum fræðum, eigi skemur en 2 mánuði og kennsla hvers nemanda 12 stundir á viku eða meira, og skal þá greiða úr rikissjóði 6 kr. fyrir mánaðarkennslu hvers nemanda, gegn 9 kr. lágmarksframlagi úr bæjarsjóði. Nemendur greiði kennslugjald í hlutfalli við námstímann eftir ákvörðun skólanefndar. Nánari fyriræli um námsskeið þessi skulu sett í reglugerð hvers gagnfræðaskóla.

15. gr.

Ríkissjóðstillög og hið lögmælt framlag bæjarsjóðs, svo og kennslugjöld renna í skólasjóð, og stendur hann straum af rekstri skólans. Nú nægja ekki þessar tekjur til rekstrar gagnfræðaskóla, og greiðist þá úr hlutaðeigandi bæjarsjóði það, sem á vantar rekstrarkostnaðinn.

16. gr.

Í reglugerð fyrir gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum má ákveða, að námstíminn sé skemmri en 6 mánuðir árlega, en þó skulu próf þaðan vera hin sömu og við aðra gagnfræðaskóla, enda sé samanlagður kennslutími til prófs þar jafnlangur og í öðrum hliðstæðum skólum.

17. gr.

Við gagnfræðaskólann í Reykjavík skipar kennslumálastjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri njóta sömu launakjara og forstöðumaður Kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara og fastir starfsmenn við þann skóla. Laun þeirra greiðast úr rikissjóði, enda greiðist enginn rikissjóðsstyrkur fyrir hina fyrstu 30 nemendur þessa skóla. Þessi sérstöku hlunnindi gagnfræðaskólans í Reykjavík falla niður um leið og þeir menn láta þar af störfum, sem nú gegna þessum embættum.

18. gr.

Ríkissjóður lætur á árunum 1930, 1931 og 1932 reisa hús handa gagnfræðaskólanum í Reykjavík. Leggur bærinn til ókeypis lóð, sem kennslumálaráðuneytið tekur gilda, þar sem séð er fyrir eðlilegri vaxtarþörf skólans og annara skóla og skyldra stofnana, sem síðar kynni að þykja heppilegt að reisa við hlið hans. Ennfremur skal Reykjavíkurbær leggja til vatn með kostnaðarverði úr hitaveitu bæjarins til að hita skólabygginguna. Ríkissjóður leggur fram $\frac{2}{3}$ byggingarkostnaðar, allt að 90 þús. kr., en Reykjavíkurbær $\frac{1}{3}$ hluta.

Meðan ekki er komin til afnota fyrir gagnfræðaskóla Reykjavíkur (núverandi ungmennaskóla) bygging sú, er hér um ræðir, skal Reykjavíkurbæ skylt að sjá skólanum fyrir húsrúmi, sem kennslumálastjórnin tekur gilt, en landsstjórnin greiðir $\frac{2}{3}$ húsaleigunnar.

19. gr.

Meðan gagnfræðanámi samkvæmt lögum um Menntaskóla á Akureyri er haldið áfram í húsi þess skóla, mega þar vera tveir gagnfræðabekkir og einn framhaldsbekkur, allir óskiptir. Allt skipulag kennslunnar og próf skulu vera hin sömu og í öðrum gagnfræðaskólum. Skólameistari Menntaskólans á Akureyri er jafnframt forstöðumaður gagnfræðadeildarinnar og ákvæði þessara laga um sérstaka skólanefnd við gagnfræðaskóla koma þar ekki til greina. Ríkissjóður ber eins og að undanfögnu allan kostnað við rekstur þessarar gagnfræðadeildar. Allir nemendur í gagnfræðadeild Menntaskólans á Akureyri skulu greiða skólagjöld samkvæmt lögum um héraðsskóla (lög nr. 37 1929), og rennur það fé í ríkissjóð.

20. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að taka lán til stofnfjárgreiðslu að sínum hluta, samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 37 1929, um héraðsskóla, að því leyti sem þörf krefur og árlegar fjárveitingar ekki hrökkva til.

21. gr.

Ungmennafræðsla í kaupúnum og sveitum, sem hvorki þessi lög né lög nr. 37 1929, um héraðsskóla, taka til, skal styrkt samkvæmt reglum, er kennslumálastjórnin setar, af því fé, sem árlega er til þess veitt í fjárlögum.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi að því er snertir ákvæði 18. og 20. gr. þegar í stað, en að öðru leyti 1. okt. 1930.

Greinargerð.

Meginatriði þessa frv. voru að því er Reykjavík snertir samþykkt af fulltrúum allra flokka í Ed. 1929. Hér eru hin almennu ákvæði látin ná til allra kaupstaðanna í landinu nema Seyðisfjarðar, sem eins og nú stendur á er ekki svo mannmargur, að líkur séu til að hann beri uppi sjálfstæðan gagnfræðaskóla.

Gagnfræðakennsla er nú í fjórum af kaupstöðum landsins, Hafnarfirði, Reykjavík, Ísafirði og Akureyri. Í Vestmannaeyjum er mikil þörf slíks skóla og er þar hafinn undirbúningur í þá átt. Um Siglufjörð og Norðfjörð má fullyrða, að þeir tveir kaupstaðir muni innan skamms nota sér heimild þessara laga.

Nokkuð ólíkt stendur á um hina fjóra starfandi gagnfræðaskóla. Flensborgarskólinn heldur brátt hálfra aldar afmæli sitt. Sá skóli á talsverðar landeignir, og er lóð sú, er Flensborg stendur á, líkleg til að verða mjög verðmæt við hafnargerð þá, sem ráðgerð er þar í kaupstaðnum. Hinsvegar er skólahúsið og heimavistin í svo lélegu og fornfálegu húsi, að varla má telja viðunandi, og staðurinn í dæld móti norðri, rétt við höfnina, alls ófær fyrir skólasetur til framþúðar. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og skólanefnd Flensborgarskólans hafa tjáð sig

fúsar til samvinnu innbyrðis og við landsstjórnina nm að endurreisa Flensborg á klettahæð rétt við kaupúnið. Er staðrinn hinn fegnrti, i væntanlegnm skemmti-garði Hafnarfjarðar og þó alveg við kaupstaðinn.

Í Reykjavík hefir aldrei verið neinn eiginlegur alþýðuskóli, fyrr en Alþingi stofnsetti nngmennaskóla þann, sem starfað hefir nú í tvo vetur. Var það ástand orðið beinlinis þjóðhættulegt, þar sem í höfuðstaðnm býr nm fjórði hlnti allra landsmanna. Viðast hvar annarsstaðar á landinn hafa hin helztu byggðarlög og kaupstaðir haft mikla viðleitni til að koma upp skólum til að fræða og manna hina uppvaðandi kynslóð. Í Reykjavík hafa ráðandi menn bæjarins sýnt svo á-takanlegt hirðnleysi nm málið, að ekki varð viðunandi vegna alþjóðlegra hags-muna. Bar og enn til, að nú i vetur fyrir jól felldi bæjarstjórn Reykjavíkur með 10 atkvæðnm gegu 6 tillögn nm að veita nokkrt framlag til byggingar þessa gagnfræðaskóla, þó að þingið hefði í fyrra rétt fram hönd til samvinnu við bæ-inn nm framkvæmdir í þessu máli.

Venjlega er áhuginn svo mikill hjá kaupstöðnm og stórbyggðnm nm að hrinda menntastofnnum áleiðis, að oftast stendur á rikissjóði að geta innt af hendi sitt framlag móti framlagi byggðanna og kaupstaðanna. Er skemmst að minnast hinnar stórrausnarlegu landgjafar Aknreyrarbæjar i fyrra vetur til skóla síns. En þrátt fyrir það, að í höfuðstaðnm fermast árlega nm 400 nngmenni, hafa forráðamenn bæjarfélagsins enga verklega framkvæmd hafid til að bæta úr eðlilegri námsþörf þessa mikla fjölda af nngmennnm. Hefir rannin orðið sú, að langfæst af þessnm nngmendum hafa getað veitt sér nokkra framhaldsmenntun. Þess vegna er í frv. þessn, eins og því, sem Ed. samþykkti i fyrra vetur, gert ráð fyrir að byggt verði á næstn þrem sumrum yfir hinn núverandi ungmennaskóla Reykjavíkur, og hann stækkaður nm leið og hann er gerður að gagnfræðaskóla fyrir bæinn. Ef sú aðferð þykir óvenjuleg, að skipa fyrir um byggingu gagnfræðaskóla i Reykjavík, þá veldnr því hið óvenjulega ástand, að forráðamenn bæjarins hafa látið dragast úr hömlu aðgerðir í þessu máli svo lengi, að hagsmnnir þjóðfélagsins krefjast þeirra framkvæmda, sem hér er gert ráð fyrir.

Í frv. þessu er mjög stillt í hóf með stofnkostnað þessarar byggingar. Framlag rikissjóðs er fyrst nm sinn ákveðið 90 þúsund kr. Til samanbndar má geta þess, að hús það, sem átti að reisa hinum svokallaða samskóla, mnnði varla hafa kostað minna en eina milljón króna.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að byggja mjög hóflega fyrir mestu þörf líðandi stndar, eu búa svo nm hnútana, að síðar megi stækka bygginguna, eftir því sem bærinn stækkar og kröfur borgaranna til almennrar og sérstakrar ung-mennafræðslu vaxa.

Á Ísafirði hefir bæjarstjórnin um allmörg nndanfarin ár starfrækt i húsa-kynnm barnaskólans mjög myndarlegan nngmennaskóla. Munn nemendur alloft hafa orðið nm 50. Ríkisstyrknr hefir verið sáralitill til þessa skóla, svo að hann mnn hafa verið ódýrastnr allra samskonar skóla á landinn. Hinsvegar hafa Ís-firðingar mikinn hng á að bæta þennan skóla og hlúa sem bezt að honum. Mun þangað sækja mikið af nngmennnm úr kaupúnum á Vestfjörðnm, en sveita-menn fremnr i héraðsskólann á Núpi. Mun mega vænta þess, að skólar þessir

fullnægi Vestfirðingafjórðungi um langa stund að því er snertir almenna ungmennafræðslu.

Gagnfræðaskólinn á Akureyri er elztur allra alþýðnskóla á Íslandi, og verður 50 ára nú í ár. Í fyrstu var hann tveggja ára skóli á Möðruvöllum með óskiptum bekkjum, en eftir að hann kom til Akureyrar og fékk hið mikla hús sitt og komst í beint samband við lærdómsdeild Menntaskólans, tók hann mjög að stækka og bekkir snmir að gerast tvískiptir. Að loknu kom svo þar, að Norðlendingar fengu þar endurreistan hinn forna Hólaskóla Jóns Ögmundssonar.

Skólinn á Akureyri gegnir nú þrennskona hlutverki. Hann er nngmennaskóli Akureyrarkaupstaðar. Hann er héraðsskóli Eyfirðinga, og hann er menntaskóli Norðlendinga sér í lagi, og allra landsmanna að nokkrn leyti.

Þegar Möðruvallaskóli var stofnaður 1880, var hann alþýðuskóli alls landsins, en þó sérstaklega skóli Austfirðinga og Norðlendinga. Nú er aðstaðan breytt. Austfirðingar hafa Eiðaskóla, Þingeyingar Laugaskóla, Skagfirðingar ungmennadeild á Hólum, og margir Húnavetningar hyggja á að efna til héraðsskóla þar í sýslunni við einhverja heita nppsprettu. Er þess vegna nú svo komið, að gagnfræðaskóli á Akureyri þarf ekki beinlínis að sinna öðrum en Eyfirðingum og Akureyrarbúnum. Þykir einsætt, að ekki verði tekinn af þeim frumréttindi, er þeir hafa haft um hæfilegan alþýðnskóla, nema með þeirra samþykki. Má að vísu búast við því, að Akureyrarbær muni síðar meir óska að taka skólann nndir sin yfirráð, ef verkefni verða fjölþættari en þan eru nú, og falla þá niður hlunnindi hins gamla Möðruvallaskóla. Til samræmis við aðra landshluta er gert ráð fyrir skólagjaldi eins og í héraðsskólum og að það renni í ríkissjóð, meðan hann kostar gagnfræðadeildina.

Svo er ráð fyrir gert, að gagnfræðadeildin á Akureyri verði alveg hliðstæð öðrum gagnfræðaskólum, verði algerlega miðuð við þarfir þeirra, sem að loknu stuttu námi ganga út í lífsbaráttuna, og verði á engan hátt fremur stigaþrep upp í menntaskólann á Akureyri heldur en aðrir gagnfræða- og héraðsskólar, enda er með því einu tryggt jafnrétti héraðanna og kaupstaðanna til menntaskólanáms, eftir því sem frekast er unnt.

Að því er snertir Sigfirðinga og Norðfirðinga má fullyrða, að þeir muni brátt nota heimild þá, er ræðir um í þessu frv. Eru það hvorutveggja mannmargir og vaxandi kaupstaðir. Eius og skólarnir að Núpi og á Ísafirði geta væntanlega fullnægt Vestfirðingum, mun mega vænta þess, að Eiðaskóli og gagnfræðaskóli á Norðfirði bæti úr þörf ungmenna á Austurlandi um almenna ungmennafræðslu. Er svo til ætlað, að með lögunum um héraðsskóla og með tillögnum þessum um sex gagnfræðaskóla í helztu kaupstöðum landsins sé lagður grundvöllur að nauðsynlegri fræðslu ungmenna í landinn, að því leyti, sem skólar geta úr bætt.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun fræðslumálaráðherra.